



Nr. 2/2021
15. janúar 2021

Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2020

Gengi krónunnar lækkaði um 10,4% á árinu 2020 og heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri jókst um 124% frá fyrra ári. COVID-19 farsóttin hafði mikil áhrif á innlendan gjaldeyrismarkað og átti Seðlabankinn umfangsmikil gjaldeyrisviðskipti til að draga úr sveiflum og bæta verðmyndun á markaðnum. Á árinu nam hrein gjaldeyrisala Seðlabankans 132,7 ma.kr. Gengið lækkaði mest í mars í kjölfar þess að fyrstu tilfelli COVID-19 greindust hér á landi en meiri stöðugleiki náðist mánuðina á eftir. Hlé lífeyrissjóða á gjaldeyriskaupum til erlendra fjárfestinga gegndi veigamiklu hlutverki í að viðhalda gengisstöðugleika. Seðlabankinn átti einnig gjaldeyrisviðskipti vegna umfangsmikilla fjármagnsviðskipta erlendra aðila á árinu í tengslum við sölu á innlendum verðbréfum og viðskipti með aflandskrónur. Gjaldyrisforði Seðlabankans nam 816,7 ma.kr. í árslok eða um 30% af vergri landsframleiðslu.

Gengi krónunnar sveiflaðist talsvert á árinu 2020. Eftir að hafa verið tiltölulega stöðugt fyrstu vikur ársins tók gengið að lækka í lok febrúar eftir að fyrstu tilfelli COVID-19 farsóttarinnar greindust hér á landi og ljóst varð að útflutningsgreinar yrðu fyrir miklu áfalli. Lægst var gengið í september en mesta breytingin á gengi krónunnar í einum mánuði var í mars þegar það lækkaði um 8,5%. Árslækkun gengisins nam 10,4% m.v. viðskiptavegna vísitölu. Hæsta gildi skráðrar gengisvísitölu á árinu var 18,5% hærra en það lægsta.

Áföll í ferðaþjónustu og öðrum útflutningsgreinum vegna áhrifa af COVID-19 farsóttinni og umfangsmikil fjármagnsviðskipti erlendra aðila í tengslum við sölu á innlendum verðbréfum og aflandskrónum höfðu áhrif á gjaldeyrismarkað á árinu. Seðlabankinn seldi gjaldeyri á millibankamarkaði með gjaldeyri í því skyni að draga úr sveiflum eftir því sem hann taldi tilefni til og til þess að auka dýpt markaðarins og bæta verðmyndun. Alls seldi bankinn gjaldeyri fyrir 144,4 ma.kr. (902 m.evra) en keypti gjaldeyri fyrir 11,7 ma.kr. (77 m.evra). Hrein gjaldeyrisala bankans nam 132,7 ma.kr. (825 m.evra). Í samráði við Seðlabankann gerðu lífeyrissjóðir hlé á gjaldeyriskaupum til erlendra

fjárfestinga á tímabilinu 17. mars til 17. september en það gegndi veigamiklu hlutverki í að viðhalda stöðugleika á gjaldeyrismarkaði.

Gjaldeyrissala bankans á árinu var af þrennu tagi: Bankinn seldi gjaldeyri í inngrípum á markaðnum til að draga úr sveiflum eftir því sem hann taldi tilefni til, hann hóf reglubundna¹ og fyrirfram tilkynnta gjaldeyrissölu um miðjan september og svo átti hann einstök stærri viðskipti sem tengdust viðskiptum erlendra aðila með innlend verðbréf og aflandskrónueignir.

Viðskipti Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði voru misjafnlega umfangsmikil milli mánaða. Bankinn átti engin viðskipti í janúar og febrúar en mest voru viðskiptin í október þegar bankinn seldi gjaldeyri fyrir um 38 ma.kr. Í samræmi við stefnu bankans um að draga úr sveiflum eftir því sem hann teldi tilefni til keypti hann gjaldeyri í nokkur skipti í maí, júní og desember þegar gengið hafði hækkað og gengisflökt aukist.

Heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 426 ma.kr. (2,7 ma.evra) árið 2020 sem er aukning um 124% frá árinu 2019. Viðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði námu 156,1 ma.kr. (979 m.evra), eða 37% af heildarveltu markaðarins. Til samanburðar nam hlutdeild bankans 7,5% árið 2019.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans var í lok árs 2020 816,7 ma.kr. en það er í krónum talið um 5,2 ma.kr. minna en í lok árs árið áður. Mælt í Bandaríkjadölum dróst hann saman um 0,4 ma. og nam 6,4 ma. Bandaríkjadala í árslok. Þá svaraði hann til 30% af vergri landsframleiðslu, 36% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 9 mánuði. Ríkissjóður Íslands gaf út skuldabréf að fjárhæð 500 milljónir evra í júní s.l. og skuldabréf að fjárhæð 292 m.evra var greitt upp á gjalddaga í júlí.

Vaxtagreiðslur af erlendum lánnum ríkissjóðs námu 2,3 ma.kr. og önnur gjaldeyrisviðskipti námu um 5,2 ma.kr. Verðbreytingar á mörkuðum leiddu til 9,8 ma.kr. aukningar á gjaldeyrisforða og gengisbreytingar til 89 ma.kr. aukningar. Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld af erlendum

¹<https://www.sedlabanki.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2020/09/09/Reglubundin-gjaldeyrissala-Sedlabanka-Islands/>

eignum og skuldum Seðlabankans voru 6,2 ma.kr. Í lok árs 2020 nam gjaldeyrisforðinn að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 566 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig mældur 611 ma.kr. í lok árs 2019.

Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. eignir umfram skuldir bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 572 ma.kr. í lok ársins 2020 samanborið við 646 ma.kr. í lok ársins 2019.

Tafla 1. Gjalddeyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2018	2019	2020
Gengi krónunnar (-veiking / +styrking)	%	-6,4%	-3,1%	-10,4%
Gengisflökt ¹	%	8,4%	7,1%	8,5%
Velta á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	188	191	426
þar af hlutdeild Sí	%	2,0%	7,6%	36,6%
Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	0,4	2,4	11,7
Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði	ma.kr.	3,3	11,9	144,4
Hrein gjaldeyriskaup Sí	ma.kr.	-2,9	-9,5	-132,7
Gjaldeyrisforði í Bandaríkjadöllum	m.USD	6.328	6.787	6.420
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	736	822	817
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands ²	ma.kr.	591	611	566
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka ³	ma.kr.	627	646	572
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF ⁴	%	26%	28%	30%
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi ⁵		8	9	9

1. Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

2. Gjalddeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.


3 Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

4. Byggt á spá Seðlabanka Íslands um VLF fyrir árið 2020.

5. Fimm ára meðaltal.

Mynd 1

Gengi íslensku krónunnar 2020




Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun á línunni á myndinni sýnir veikingu krónunnar en lækkun sýnir styrkingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2


Hrein gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði 2019-2020



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 3

Skammtíma gengissveiflur 2020



Heimild: Seðlabanki Íslands.